

Mars 2012

MA-FRÉTTIR

Ritstjóri Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Myndir og frágangur Sverrir Páll



UM NÁMSKRÁ OG NÁMSVAL

Skólaárið 2011-2012 er annað árið sem skólinn starfar samkvæmt nýrri námskrá. Leiðarsýn þeirrar námskrár er skólasýn MA. Hún fellur vel að grunnþáttum í nýrri menntastefnu mennta- og menningar- málaráðuneytisins en þeir eru lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, skapandi starf, menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi.

Markmið með endurskipulagningu námsins byggja annars vegar á menningu og hefðum skólans og hins vegar þeirri þróun sem hefur orðið og mun verða á samfélagi okkar. Mikilvægt er að efla jákvætt viðhorf nemenda til náms og að kenna þeim að afla sér upplýsinga, greina þær, efla gagnrýna hugsun og læsi í víðum skilningi.

Allar námsgreinar í fyrsta bekk voru endurskoðaðar en róttækustu breytingarnar eru án efa Íslandsáfangarnir sem eflaust hafa oft verið til umræðu á heimilum ykkar. Nú á vorönninni eru áfangarnir kenndir í fjórða sinn á tveimur árum og því hefur gefist gott tækifæri til endurskoðunar og áframhaldandi þróunar. Innan skólans hefur áföngunum verið fylgt mikið

eftir með mati og hlustað á skoðanir og raddir nemenda. Í fyrra var starfandi sérstakur matsfulltrúi innan skólans en hann ræddi við eða fékk greinargerðir frá öllum kennurum fyrsta árs, hafði rýnihópa með nemendum í Íslandsáföngunum, bæði um áfangann í heild og einstök verkefni. Sjálfsmatsnefnd skólans hefur bæði árin lagt rafræna könnun fyrir nemendur í fyrsta bekk um Íslandsáfangana og í lokaverkefni í áföngunum gátu nemendur lagt mat á öll verkefni annarinnar og komið með tillögur til úrbóta.

Námsferðir eru í Íslandsáfanganum líkt og á fyrri önn; SAM-hlutinn fór til Siglufjarðar 8. mars og NÁT-hlutinn fer til Mývatnssveitar í apríl eða maí, eftir veðri.

Fyrstu bekkingar eru líka í ensku, frönsku eða þýsku, íþróttum og stærðfræði og voru áfangalýsingar í þeim greinum einnig endurskoðaðar miðað við eldri námskrá. Tvennskonar stærðfræðiáfangar eru í boði, eftir því á hvort námssviðið nemendur stefna.

SVIÐSVAL.

Á vorönn þurfa nemendur í 1. bekk að staðfesta val sitt á námssviði. Nemendur völdu sér reyndar svið þegar þeir sóttu um skólavist í MA en hafa tækifæri til þess að endurskoða val sitt. Þá er hægt að óska eftir bekkjarfélögum fyrir næsta ár, því bekkjaskipan breytist öll að loknu fyrsta árinu.

Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði velja líka á sama tíma eina valgrein sem þeir verða í á vorönn í öðrum bekk.

Á öðru ári velja nemendur síðan kjörsvið eða þær áherslulínur sem þeir kjósa sér. Velgengnisdagarnir á vorönn í 2. bekk snúast að hluta um námval og kynningar á kjörsviðum og velja nemendur kjörsviðslínur í framhaldi af því.



SÉRÞARFIR

Nemendur sem þurfa sérúr-
ræði í próftíð þurfa að sækja
um slíkt á hverri önn.

Umsóknarfrestur er til **1. maí** og umsóknareyðublöð eru á vef skólans (<http://www.ma.is/namid/nemendavernd/namsradgjof/lengri-proftimi/>)



Námsferð í
Íslandi SAM
á Siglufirði

VELGENGNISDAGAR, BEKKJARFUNDIR OG FYRSTABEKKJARRÁÐ

Einu sinni á hverri önn eru svo-kallaðir velgengnisdagar. Þá er hefðbundin stundaskrá brotin upp og unnið með grunnþætti mennta-stefnunnar. Á haustönn var megin-þemað sjálfsmynd unglingsins en nú á vorönn, 21. - 23. mars, verða forvarnir í brennidepli. Nemendur vinna í nokkrum smiðjum þessa daga:

Smiðja 1: Hvar liggja mörkin?

Fjallað um áhrif samskiptamiðla og klámvæðingar. Bekkirnir byrja saman en síðan er kynjaskipt í umræðuhópa.

Smiðja 2: Vertu góð(ur) við geðið þitt, hugleiðingar um geðrækt

Smiðjan er alveg kynjaskipt, stelpur og strákar úr tveimur bekkjum blandast saman.

Smiðja 3: Áhættuhegðun.

Áhrif neyslu og sjálfseyðandi lífsstíls.

Smiðja 4: Heilsueflandi skóli

Heilbrigður lífsstíll, hreyfing og næring.

Umsjónarkennarar hafa umsjónar-tíma með bekkjunum sínum einu sinni í viku. Tímarnir eru nýttir til heimanáms, viðtala, heimsókna t.d. frá skólafélaginu og bekkjar-funda. Tilgangurinn með þeim er m.a. að þjálfa nemendur í lýð-ræðislegum vinnubrögðum og jákvæðum samskiptum. Bekkirnir hafa nú kosið sér fulltrúa í bekkjarráð 1. bekkjar og stefnt er að því að það nái að funda tvisvar á vorönn ásamt stjórnendum og fulltrúum kennara um málefni sem snerta alla nemendur.

FRÁ NÁMSRÁÐGJÖFUM

Nú er er u.þ.b. einn þriðji liðinn af vorönn og námsálag farið að segja til sín hjá nemendum. Töluverð áhersla er á heimanám og námsgengi nemenda veltur mikið á því hversu vel þeir sinna því. Fjölmargar rannsóknir sýna að börnum og unglingum gengur betur í skóla ef foreldrar sýna skólagöngu barna sinna áhuga. Foreldrum finnst þeir e.t.v. ekki eiga ekki jafn greiða leið að því að fylgjast með námi barna sinna þegar þau eru komin í framhaldsskóla. Allir kennarar eru þó með fastan viðtalstíma sem auglýstir eru á heimasíðu skólans og hvetjum við ykkur til að hafa samband við umsjónarkennara barna ykkar til að fylgjast með náminu.

Ef nemendur þurfa á einhverjum sérúrræðum að halda er þeim bent á að snúa sér til námsráðgjafa s.s. varðandi lengri próftíma, prófkviða, námstækni, námsvanda og ef grunur leikur á að nemendur séu með lesblindu. Einnig veita námsráðgjafar ráðgjöf og stuðning við nemendur vegna persónulegra erfiðleika. Haldið verður námskeið fyrir prófkviðna nemendur í lok annar, eins og á haustönn. Námsráðgjafarnir eru Herdís (herdis@ma.is) og Karen (karen@ma.is).

Nemendur í 4. X (eðlisfræðilínu á fjórða ári) aðstoða nemendur við stærðfræði á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 16.15 í stofu H4



Beinið og Tilvera á Skólatorginu

SKÓLASÓKN

Mikið er lagt upp úr því að nemendur í Menntaskólanum á Akureyri stundi skólann vel og mæti óaðfínanlega í skólann. Allar fjarvistir nemenda eru skráðar og það er því ævinlega raunmæting sem sést í INNU. Hún á því að sýna nemendum, foreldrum og kennurum á ljósan hátt hversu mikið nemandinn hefur mætt í skólann, þótt að sjálfsgöðu geti verið fullkomlega lögmætar skýringar á því að hann hefur ekki getað mætt í alla tíma.

Stefnan er sett á að nemendur hafi sem færstar óleyfilegar fjarvistir og er miðað við að hjá nemanda sem ekki glímir við mikil andleg og líkamleg veikindi fari mætinga-prósentan ekki undir 85%. Eftir fyrstu 5 vikurnar á önninni er tekið

fjarvistauppgjör og viðvörunarbréf eða tilkynning í INNU send til þeirra sem eru með mætingu undir 85%. Ef nemendur verða veikir á fyrstu vikunum lækkar mætingaprósentan hratt, því hún reiknast af þeim kennslustundafjölda sem búinn er. Um leið og þau ná heilsu á ný er prósentan fljót að hækka eftir því sem vikurnar líða.

Skólasókn er í heildina mjög góð í Menntaskólanum.

Meðalskólasókn fyrstu bekkinga á haustönninni var 96%.

Skólasóknarreglurnar eru í endurskoðun og stefnt að því að næsta vetur verði vottuð veikindi nemenda ekki talin til fjarvista.

FORMIA

Foreldrafélag hefur verið starfandi við Menntaskólann á Akureyri síðan haustið 2003. Ný stjórn var kjörin á foreldrafundinum í október 2011 og er formaður hennar Helgi Þ. Svavarsson (helgi@simey.is).

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 er skylt að hafa starfandi foreldraráð við skólann og ákaflega ánægjulegt að góð reynsla hafi verið komin á samstarf heimilis og skóla fyrir lagasetninguna.

Tengiliður skólans við foreldrafélagið er Herdís Zophoníasdóttir námsráðgjafi.

TENGSL

HEIMILA OG SKÓLA

Foreldrar geta fylgst með mætingu barna sinna á INNA.is. Þar birtast einnig einkunnir úr haust- og vorannarprófum.

Allir kennarar eru með einn viðtalstíma í viku og hægt að óska eftir viðtali við þá ef þarf. Hver bekkur hefur líka 1-2 umsjónarkennara.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við námsráðgjafa, umsjónarkennara eða stjórnendur. Nýverið var öllum nemendum skólans og forráðamönnum ólöggráða nemenda sent yfirlit um mætingu það sem af er vorönn, og verður slíkt gert um það bil þrisvar á önn héðan í frá.

Þegar skólablaðið MUNINN kemur út



REGLUR UM NÁMSFRAMVINDU

Margt er ólíkt í skipulagi framhaldsskóla og grunnskóla. Eitt af því eru reglur um námsframvindu. Nauðsynlegt er að nemendur og foreldrar kynni sér þær vel á vef skólans <http://www.ma.is/namid/reglur-um-nam/um-namsframvindu/>

Til að komast milli bekkja þarf að ljúka með fullgildum hætti áföngum í öllum greinum sem eiga sér eftirfara, það á við um alla áfanga á fyrsta ári nema íþróttir.

Nemendur geta unnið upp fall haustannar í tungumálunum og stærðfræði; ef þeir fengu 4 í þýsku á haustönn en ná 6 á vorönn telst haustannaráfanginn vera staðinn þar sem nemandinn náði að meðaltali 5 í þýsku. Nái þeir ekki að vinna upp haustannaráfanga eða falla í vorannaráfanga þurfa nemendur að taka endurtökupróf sem eru haldin strax að loknum reglulegum prófum í júní og kostar hvert próf 8000 krónur. Nemendur mega mest þreyta 3 endurtökupróf.



Frá Söngkeppni MA:
Móheiður og Tandri

KÖNNUN MEÐAL. FORRÁÐAMANNA ÓLÖGRÁÐA NEMENDA

Á nokkurra ára fresti hefur sjálfsmatsnefnd skólans kannað hug forráðamanna ólögráða nemenda til ýmissa þátta í skólalífinu. Nú er komið að slíkri könnun og verður hún send foreldrum rafrænt.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að svara henni og koma þannig skoðunum sínum á framfæri varðandi skólastarfið.

SKÓLADAGATAL ... Á NÆSTU GRÖSUM

Páskafrí hefst að lokinni kennslu föstudaginn 30. mars og kennsla hefst aftur miðvikudaginn 11. apríl.

Dimittering 4. bekkinga er 23. maí.

Próf hefjast 25. maí og standa til 7. júní. Fyrstubekkingar verða þó búnir í prófum fyrir, eða 4. júní.

Sjúkra- og endurtökupróf eru 8.-15. júní. Nauðsynlegt er fyrir nemendur, sem féllu í einhverju fagi á haustönn, að gera ráð fyrir endurtökuprófi og að prófatíminn geti staðið fram undir miðjan júní.

FÉLAGSLÍFIÐ

Félagslíf nemenda er órjúfanlegur hluti af verunni í MA.

MA-ingar hafa náð langt í Morfís og keppa í undanúrslitum í lok mars.

Gettu betur-liðið keppir við lið Kvennaskólans í Reykjavík í Sjónvarpinu 16. mars.

Söngkeppni MA var haldin 23. febrúar. Móheiður Guðmundsdóttir nemandi í 3. bekk bar sigur úr þýtum, með lagið Bang-Bang, en Tandri Gauksson spilaði undir á gítar. Móheiður verður fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Af öðru sem framundan er í félagslífi og óhefðbundnara námi má nefna Ratatosk 11. - 13. apríl. Þá er hefðbundið skólastarf brotið upp með margvíslegum fyrirlestrum og námskeiðum sem nemendur sjá um að skipuleggja. Hluti kennara verður í námsferð í Danmörku þá daga. Væntanlega verða kenndir þrjár fyrstu tímarnir á hverjum degi og hugsanlega sjá aðrir kennarar um kennsluna en venjulega.